



Alþingi
Erindi nr. P 138/1348
komudagur 23.3.2010

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 22. mars 2010
Tilvísun: 201003-0001

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um sóknaráætlun til eflingar atvinnulífi og samfélagi um land allt, 332. mál.

Alþýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um sóknaráætlun til eflingar atvinnulífi og samfélagi um land allt, 332. mál.

Á ársfundi Alþýðusambandsins í október 2009 var samþykkt ályktun um atvinnumál undir heitinu *Öflugt atvinnulíf á sjálfbærum grunni*. Í ályktuninni segir m.a:

„Ísland býr yfir miklum framtíðarmöguleikum og verðmætum við atvinnuuppbyggingu sem grundvallast á sjálfbærri nýtingu auðlinda okkar; afurða til lands og sjávar, hreinnar orku og náttúrunnar. Sama gildir um þann mannauð sem í þjóðinni býr.

Með því að leggja áherslu á framangreinda þætti getum við byggt upp öflugt atvinnulíf til framtíðar á sjálfbærum grunni. Um leið erum við að bregðast með ábyrgum hætti við þeim ógnum sem steðja að náttúrunni og lífríkinu, hér á landi og hnattrænt m.a. vegna loftslagsbreytinga. Ísland hefur möguleika á að verða grænt hagkerfi sem byggir á grænum störfum. Framtíðarsýn okkar í atvinnumálum byggð á grænum gildum verður að hvíla á traustum grunni. Þar skipta eftirtaldir þættir miklu:


- *Styrkja verður grunngerð samfélagsins; samgöngur, upplýsingaveitur og flutningskerfi raforku til að tryggja hagkvæma nýtingu hennar.*
- *Verð á orku á eftir að hækka umtalsvert á næstu árum og eftirspurn eftir endurnýjanlegri raforku margfaldast. Þrýstingur á aukna virkjun bæði fallvatna og jarðvarma mun aukast. Það er því mikilvægt að mótuð verði markviss stefna í auðlinda- og umhverfismálum, á sjálfbærum grunni. Þannig má skapa skilyrði til að íslenskt samfélag verði á næstu áratugum að mestu sjálfbært á sviði orkunýtingar með því að skipta út jarðefnaeldsneyti fyrir hreina orkugjafa.*
- *Laða þarf fram meira samstarf á sviði rannsókna og tækniþróunar þvert á fræða og fagsvið svo og yfir landamæri. Horfa þarf meira til skapandi greina s.s. á sviði lista, hönnunar og margmiðlunar.*



- *Auka verður fjárfestingar í framleiðslutækni sem leiðir til minnkunar á losun gróðurhúsalofttegunda. Fyrir liggur að áhugi og vilji á alþjóðavísu til að fjárfesta í græna geiranum fer ört vaxandi. Ef rétt er að málum staðið mun þetta leiða til nýsköpunar á mörgum sviðum. Tækifærin eru nánast óþrjótandi s.s. í orkuiðnaði, efna- og lífefnaiðnaði og endurvinnslu.*
- *Nýta verður möguleika sem hefðbundnar greinar íslensks atvinnulífs, sjávarútvegur og landbúnaður þ.m.t. garðyrkja og fullvinnslu afurða, eiga til að sækja fram á erlendum markaði á grundvelli hreinnar framleiðslutækni og grænna gilda. Sama gildir um ferðaþjónustuna sem býður upp á fjölbreytta þróunarmöguleika.*
- *Mikilvægt er að atvinnuuppbygging til framtíðar taki mið af þeim margbreytilegu kostum sem er að finna um land allt. Þar sem styrkleikar og möguleikar hvers svæðis og sköpunarkraftur íbúanna eru virkjaðir.*
- *Uppbygging atvinnulífs á sjálfbærum grunni og aðgerðir til að sporna við loftslagsbreytingum þýða margháttáðar breytingar í atvinnulífinu. Störf munu tapast en í staðinn munu skapast fjölbreytt og áhugaverð störf á fjölmörgum sviðum. Setja verður fram skýra áætlun sem miðar að því að aðstoða fólk við að takast á við þessar breytingar með jákvæðum hætti. Aðlaga þarf menntakerfið að nýrri atvinnustefnu og skapa þannig ungu fólki tækifæri til að taka öflugan þátt í uppbyggingunni sem framundan er. Um leið þarf að vinna markvisst að því að skapa tækifæri og hvata til menntunar og endurmenntunar fyrir fólk á vinnumarkaði þannig að það geti nýtt þau nýju tækifæri sem bjóðast. Mikilvægur liður í þessu er áætlunin um að eigi fleiri en 10% fólks á vinnumarkaði verði án viðurkenndrar starfs- eða framhaldsskólamenntunar árið 2020.*
- *Við þær aðstæður sem nú ríkja í samfélaginu er afar mikilvægt að skapa ungu fólki trúverðug tækifæri í samræmi við menntun þess og framtíðarsýn sem eykur tiltrú og vilja til áframhaldandi búsetu á Íslandi. Markmiðið er að atvinnustarfsemin skapi góð störf á traustum grunni, atvinnu og hagsæld, og geti staðið undir öflugum velferðarsamfélagi að norrænni fyrirmynd.“*

Markmið þingsályktunartillögunnar falla vel að framangreindum áherslum ASÍ og mælir ASÍ því með samþykkt hennar.

F.h. Alþýðusambands Íslands



Ólafur Darri Andrason
Hagfræðingur ASÍ

Alþýðusamband Íslands

Stofnun • Ráðgjafi
Sími 0000000 • Fax 0000000
astpa@si.is • www.asi.is

Alþingi
Erindi nr. þ 138/1292
komudagur 18.3.2010



Nefndasvið Alþingis
Allsherjarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 15. mars 2010

Efni: Umsögn BSRB um tillögu til þingsályktunar um sóknaráætlun til eflingar atvinnulífi og samfélagi um land allt, þskj. 476 - 332. mál.

BSRB hefur fengið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um sóknaráætlun til eflingar atvinnulífi og samfélagi um land allt. Í lok október 2009 ályktaði BSRB um atvinnumál á þingi bandalagsins. Í ályktunni var m.a. skorað á ríkisstjórn að draga úr hættu á búferlaflutningum og koma í veg fyrir langtíma atvinnuleysi. Bandalagið styður því eindregið framgang þessa máls og telur afar brýnt að þessi málefni verði höfð í forgangi á komandi mánuðum.

Þá leggur bandalagið áherslu á að samþætting kynjasjónarmiða verði lögð til grundvallar í sóknaráætluninni að öllu leyti.

Fyrir hönd BSRB

A handwritten signature in black ink, which appears to read "Helga Jónsdóttir". The signature is written in a cursive, somewhat stylized script.

Helga Jónsdóttir
framkvæmdastjóri



Byggðastofnun

Próunarsvið

Alþingi
Erindi nr. P 138/1265
komudagur 16.3.2010

Dagsetning
15.03.2010

Allsherjarnefnd Alþingis
Alþingishúsinu við Austurvöll
150 Reykjavík

Allsherjarnefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Byggðastofnunar um tillögu til þingsályktunar um yfirlýsingu um sóknaráætlun til eflingar atvinnulífi og samfélagi um land allt, mál 332.

Hlutverk Byggðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni og miðast eftirfarandi umsögn við áhrif tillagnanna á þá þætti.

Ekki hefur verið fjallað um umsögnina í stjórn stofnunarinnar.

Byggðastofnun fagnar því að vinna eigi sóknaráætlun fyrir landið allt og einstök svæði. Jafnframt er jákvætt að horft sé til langs tíma og að í áætluninni séu kynjasjónarmið og sjálfbær þróun höfð að leiðarljósi. Markmiðin eru háleit og það verður ekkert áhlaupaverk að ná þeim öllum. Sóknaráætlun er ætlað að samþætta ýmsar lögbundnar áætlanir og áætlanir sem eru ekki lögbundnar og því vaknar sú spurning hvort ekki hefði verið réttara að lögbinda sóknaráætlun í stað þess að flytja um hana þingsályktun. Eðlilegt er að ályktun Alþingis kveði á um hvar í stjórnkerfinu á að vista áætlunina og hvernig framkvæmd og eftirfylgni hennar verður háttáð. Landshlutasamtökum sveitarfélaga er ætlað veigamikil hlutverk og því kann að vera nauðsynlegt að um starfsemi þeirra verði sett löggjöf. Byggðastofnun hefur mikla reynslu í að greina styrkleika og veikleika landshluta og hefði stýrihópurinn að ósekju mátt nýta sér þá þekkingu sem til er hjá stofnuninni. Hjá atvinnuþróunarfélögum á landsbyggðinni hefur einnig safnast mikil þekking og reynsla.

Byggðastofnun lýsir vilja sínum til að aðstoða við undirbúning og framkvæmd sóknaráætlunar sem og einstakar svæðaáætlanir sem gerðar verða.

Virðingarfyllst

Guðmundur Guðmundsson
Sérfræðingur á próunarsviði Byggðastofnunar



Alþingi
Allsherjarnefnd
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. P 138/138/
komudagur 24. 3. 2010

Reykjavík, 24. mars 2010

Efni. Umsögn um 332. mál, Þingsályktunartillaga um sóknaráætlun til eflingar atvinnulífi og samfélagi víða um land.

Tilv. 2010030001

Á stjórnarfundi BÍ þann 17. mars sl. var lagt fram bréf Allsherjarnefndar Alþingis, dags. 1. mars sl., með beiðni um umsögn um meðfylgjandi tillögu til þingsályktunar um sóknaráætlun til eflingar atvinnulífi og samfélagi um land allt, 332. mál á 138. lögjafarþingi.

Samþykkt var samhljóða að lýsa stuðningi við tillöguna og ítreka mikilvægi landbúnaðar í þessu sambandi. Minnt er á að Bændasamtök Íslands hafa þegar komið að starfi við sóknaráætlun ríkisstjórnarinnar, "20/20 Sóknaráætlun fyrir Ísland".

Virðingarfyllst
f.h. Bændasamtaka Íslands

Eiríkur Blöndal
Eiríkur Blöndal


Akureyri 15. mars 2010

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Stjórn Eyþings hefur fengið til umsagnar frá allsherjarnefnd Alþingis **tillaga til þingsályktunar um sóknaráætlun til eflingar atvinnulífi og samfélags um land allt**, 332. mál. Stjórnin samþykkti eftirfarandi:

Stjórnin hvetur til að þingsályktunartillagan verði samþykkt og vonar að hún leiði til góðra verka um allt land. Stjórnin leggur áherslu á að gætt verði sérstaklega að tengingu og skörun aðliggjandi svæða í sóknaráætluninni.

f.h. stjórnar Eyþings


Þétur Þór Jónsson
framkvæmdastjóri



Ferðamálastofa
Icelandic Tourist Board

Lækjargata 3 · 101 Reykjavík
Sími: 535-5500 · Fax: 535-5501
upplýsingar@icetourist.is
www.ferdamalastofa.is
www.ferdalaq.is

Strandgata 29 · 600 Akureyri
Sími: 464-9990 · Fax: 464-9991
upplýsingar@icetourist.is
www.ferdamalastofa.is
www.ferdalaq.is

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 138/1518
komudagur 7.4.2010

Akureyri 6. apríl 2010

Efni: Umsögn Ferðamálastofu um þingsályktunartillögu um sóknaráætlun til eflingar atvinnulífi og samfélagi um land allt
Mál 332 - þskj. 476

Allsherjarnefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Ferðamálastofu um sóknaráætlun til eflingar atvinnulífi og samfélagi um land allt

Ferðamálastofa fagnar þeirri vinnu sem hrundið er af stað með þessari tillögu og að grunntónn þessarar vinnu skuli byggður á hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar. Sérstaklega ber að fagna því að sérstakt tillit sé tekið til ferðaþjónustunnar en því miður hefur borið á því að sjónarmiðum og hagsmunum ferðaþjónustunnar hefur ekki verið sinnt sem skildi þegar komið hefur verið að ákvarðanatöku um nýtingu svæða.

Ferðamálastofa leggur til að svæðaskiptingu landsins verði endurskoðuð og leggur eftirfarandi tillögu fram í þeim efnum:

A. Suðurnes og Höfuðborgarsvæðið verði gert að einu svæði. Það er óumdeilanlegt að rúmlega 95% erlendra gesta er sækja Ísland heim fara um Suðurnesin þegar þeir koma til landsins enda Keflavíkurflugvöllur staðsettur á því svæði. Stór hluti þeirra erlendu ferðamanna er sækja Suðurnesin heim sem áningarstað koma í skipulögðum dagsferðum frá Höfuðborgarsvæðinu.

B. Norðvestursvæði og Norðaustursvæði verði gerð að einu svæði. Frá árinu 2003 hafa þessi tvö svæði unnið náðið saman undir merkjum Markaðsstofu Norðurlands og hefur sú samvinna gengið vel, enda mikilvægt að horft sé til stærri frekar en minni svæða þegar unnið er að markaðs- og þróunarmálum sem og að byggja upp öflugar einingar. Jafnvel mætti hugsa sér að Vestursvæðið og Vestfjarðasvæðið yrðu gerð að einu svæði en slíkt er tæplega framkvæmanlegt fyrr en samgöngutengingar eru orðnar tryggari sem og hugur heimamanna til samvinnu og sameiningar.

Virðingarfyllst,
f.h. Ferðamálastofu

Helena Þ. Karlsdóttir, lögfr.

Helena Þ. Karlsdóttir, lögfræðingur



Nefndasvið Alþingis
Allsherjarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 138/1293
komudagur 18.3.2010

Umsögn til ailsherjarnefndar Alþingis tillaga til þingsályktunar um sóknaráætlun til eflingar atvinnulífi og samfélagi um land allt 138. löggjafarþing 332. mál.

- Fjórðungssamband Vestfirðinga styður þau markmið þingsályktunar að koma á samræmingu áætlana ríkisins. Um margra ára skeið hafa ályktanir og umsagnir frá Fjórðungspingum og stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga kallað eftir því að samræma og samstillta þurfi hinar ýmsu áætlanir stjórnvalda. Hefur oftast en ekki verið verulegt ósamræmi á milli áætlana og skörun í framkvæmd þeirra sem hefur leitt til frestunar verkefna.
- Greina þarf stöðu innviða (grunngerðar) svæða sóknaráætlunar og aðgengi að þjónustu hins opinbera. Í umfangsmiklum áætlunum felst ákveðin hætta í því að lítið sé fram hjá framangreindum atriðum og íbúum sé þannig mismunandi. Mikilvægt er því að gerð sé grein fyrir því í upphafi áætlunartímabils að íbúar landsins standa ekki jafnir og hvernig verður unnið að úrbótum í þeim efnum.
- Fjórðungssamband Vestfirðinga leggur til að í upptalningu verkefna og áætlana stjórnvalda sem tilgreind eru í 3. málgrein á bls 1 verði lagt til að gerð verði áætlun um mótun heildstæðrar stefnu í afhendingaröryggi og jöfnun flutningskostnaðar á raforku. Hér skal vísað til lagaákvæðis í raforkulögum nr 65/2003 um endurskoðun raforkulaga. Skal þeirri vinnu vera lokið fyrir árslok 2010. Þetta er mikilvægt mál á Vestfjörðum afhendingaröryggi og hár dreifingarkostnaður raforku eru dragbítar á framtíðarþróun á Vestfjörðum.
- Fjórðungssamband Vestfirðinga fagnar því að samræma eigi áætlanir er varðar samfélagsmál og búsetuskilyrði almennt við áætlanir er varða grunngerð og innviði.
- Fjórðungssamband Vestfirðinga leggur áherslu á að við endurskipulagningu í opinberri þjónustu verði aukin verkefni færð til sveitarstjórnarstigsins.

Svæðaskipting

Fjórðungssamband Vestfirðinga styður tillögu um svæðaskiptingu landsins er varðar Vestfirði sem eitt þeirra svæða, samanber tillögu í viðauka (bls 3). Hér eru í meginatriðum höfð til hliðsjónar þau samstarfssvæði sem sveitarfélög í landinu hafa valið sér um áratuga skeið. Eðlilegt að stjórnvöld taki mið af þeim í áætlanagerð fyrir landið.

Fjórðungssamband Vestfirðinga gerir hinsvegar verulegar athugasemdir við umfjöllun um Vestfjarðasvæðið sem koma fram í athugasemdum (skýringum) við þingsályktunina, sjá bls 9.



Fjármögnun verkefnisins 20/20 Sóknaráætlun Íslands

Fjórðungssamband Vestfirðinga telur mikilvægt að metin verði allur kostnaður við gerð sóknaráætlunar 20/20, en hér er einungis gert ráð fyrir beinum útlögðum kostnaði við hluta áætlunarinnar. Skýra þarf kostnað einstakra ráðuneyta og kostnað sveitarfélaga, landshlutasamtaka og atvinnuþróunarfélaga. Mótmælt er þeirri aðferðarfræði að setja af stað verkefni af hálfu stjórnvalda sem gerir sjálfkrafa ráð fyrir mótframlagi annarra opinberra aðila.

Tilgreint er að „hagsmunaaðilar“ skuli standa undir kostnaði við þá þátttöku sem af aðild þeirra leiðir. Skilgreina þarf nánar hverjir eru slíkir hagsmunaaðilar og leita samráðs við þá í hve miklu mæli þeir geta lagt fram fjármuni og vinnu til verkefnisins. Sé það skilningur stjórnvalda að sveitarstjórnir, landshlutasamtök sveitarfélaga og atvinnuþróunarfélög séu hagsmunaaðilar og skuli leggja fram fjármuni og vinnu til verkefnisins þá verður að krefjast þess að lögð sé fram áætlun þar um og leita samstarfs. Hér skal í þessu samhengi einnig varpað fram spurningu varðandi kostnað og skipulag þjóðfunda í landshlutum. Þar er óskað aðkomu jafnt íbúa og hagsmunaaðila svæðisins í þeim tilgangi stjórnvalda að fá fram á lýðræðislegan hátt afstöðu þessara aðila. Af hálfu verkefnisstjórnar sóknaráætlunar 20/20 er til þess ætlast að samstarfsaðilar í héraði greiði útlagðan kostnað við fundaraðstöðu, veitingar, boðun og skipulag á fundarstað. Fjórðungssamband Vestfirðinga hefur þegar lagt út fyrir um 400.000 kr kostnaði vegna þjóðfundar á Vestfirðum auk verulegs vinnuframlags starfmannna sambandsins og atvinnuþróunarfélags. Verkefnið er utan fjárhagsáætlunar og mun stjórn sambandsins óska eftir því við ríkisvaldið að sá kostnaður verði endurgreiddur. Varað er við vinnulagi af þessu tagi til framtíðar, það dregur úr vilja aðila til að vinna að annars góðu verkefni ef ekki liggur fyrir yfirsýn um umfang þess og fjármögnun.

Ísafirði 17. mars 2010.

Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri



STÝRIHÓPUR



RÁÐGJAFARÁÐ

I. SÓKNARÁÆTLUN 2010



VERKEFNISHÓPAR



YFIRSÝN YFIR MARKMIÐ
MISMUNANDI ÁÆTLANA



LANDINU SKIPT UPP Í
SVÆÐI



ENDURSKIPULAGNING
OPINBERRAR ÞJÓNUSTU



SÓKNARÁÆTLANIR FYRIR
SVÆÐI

II. FRAMTÍÐARSÝN



VERKEFNISHÓPAR



ÍSLAND 2009
STÖÐUSKÝRSLA



SVIÐSMYNDIR



ÞJÓÐFUNDUR



ATVINNUSTEFNA

III. SAMKEPPNISHÆFNI



VERKEFNISHÓPAR



HVAÐ RÆÐUR
SAMKEPPNISHÆFNI ÞJÓÐA?



RÁÐSTEFNA UM
NIÐURSTÖÐUR WEF



RÝNI SÉRFRÆÐINGA



RÁÐLEGGINGAR OG
TILLÖGUR

20/20
SÓKNARÁÆTLUN

Markmiðið er að mótuð verði heildstæð stefna fyrir Ísland í þágu atvinnulífs og samfélags. Ísland skipi sér aftur í fremstu röð í verðmætasköpun, menntun, velferð og lífsgæðum. Sóknaráætlunin verði byggð á jafnrétti kynjanna, heilbrigðum viðskiptaháttum og grænni atvinnuuppbyggingu í samræmi við hugmyndir sjálfbærrar þróunar.

komudagur

Alþingi

Erindi nr. P 138/1396

19.3.2010

332. mál



Alþingi – allsherjarnefnd
Austurvelli
150 Reykjavík

Reykjavík, 18. mars 2010

Efni: Umsögn Hagstofu Íslands um tillögu til þingsályktunar um sóknaráætlun til eflingar atvinnulífi og samfélagi um land allt. (332. mál)

Með tölvupósti 1. mars 2010 var óskað eftir umsögn Hagstofu Íslands um ofangreinda tillögu til þingsályktunar „til að efla atvinnulíf og samfélag um allt land“.


Hagstofan telur málefnið bæði áhugavert og brýnt. Því ber að fagna að efnt sé til skoðanaskipta og stefnumótunar með upplýstum hætti eins og þingsályktunartillagan ber með sér.

Þau málefni sem að Hagstofu Íslands snúa varða einkum tölulegar upplýsingar til að leggja mat á þann árangur sem vænst er að sóknaráætlunin skili fram til ársins 2020. Á nokkrum stöðum í tillögugerðinni eru nefndir mælikvarðar og mælanleg markmið um árangur. Árangurinn verður metinn á grundvelli nýrrar hugmyndar um átta landsvæði auk svo kallaðs Suðvestursvæðis. Sú svæðaskipting felur í sér talsverð tíðindi sem kalla á nokkrar athugasemdir í ljósi þeirra hagtalna sem almennt eru tiltækar um landsvæði hérlendis. Hagstofan hefur einkum tvíþættar athugasemdir við tillögugerðina sem að nokkru leyti tengjast.

Í *fyrsta* lagi, varðandi uppskiptingu landsins, var valin sú leið í Sóknaráætlun 20/20 að notast í stórum dráttum við eldri uppskiptingu landsins í kjördæmi frá árinu 1959 að undanskildu suðvesturhorninu og þremur sveitarfélögum á landsbyggðinni. Hagstofan hefur fundið fyrir því að sú svæðaskipting sem í stórum dráttum hefur haldist í hagskýrslugerð frá 1959 er í dag ófullnægjandi á margan hátt. Það er mat Hagstofunnar að svæðaskipting Sóknaráætlunar 20/20 dugir skammt til að leggja nýjan grunn að svæðabundnum hagtölum í íslenskri hagskýrslugerð. Þó er ekki einfalt mál að benda á lausn við þeim vanda sem framsetning svæðabundinna hagtalna hér á landi skapar. Til dæmis er misvægi og lág íbúatala á sumum landsvæðum hér umhugsunarefni og hafa gegnum tíðina skapað tölfræðileg vandamál sem ekki verða rakin hér. Þó er eitt atriði í Sóknaráætlun 20/20 sem vekur athygli í þessu sambandi, en það er sú útfærsla sem snertir svokallað *Suðvestursvæði* (einnig nefnt „stórhöfuðborgarsvæði“). Þetta svæði er í þingsályktunartillögunni víðáttumeira en núverandi *höfuðborgarsvæði* sem víða kemur fyrir í hagskýrslum Hagstofunnar og mikil rækt hefur verið lögð við til þessa. Það sem Hagstofan vill helst benda á er ekki endilega víðátta hins nýja *Suðvestursvæðis*, heldur sú skörun eða yfirleppun sem þetta svæði skapar við framsetningu tölulegra upplýsinga með hliðsjón af framsettum tillögum um afmörkun Suðursvæðis og Vestursvæðis. Ef það er fyrirætlan forráðamanna sóknaráætlunarinnar að setja fram hagtölur á grundvelli núgildandi tillagna um Sóknaráætlun 20/20 þá vill Hagstofan benda á að það mun kosta umtalsverða fyrirhöfn og aukakostnað að veita tölulegar upplýsingar um landsvæði sem yfirleppast.

Í öðru lagi vill Hagstofan stuðla að trúverðugri hagskýrslugerð um tiltekin landsvæði sem hvíli sem mest á langtíma festu í framkvæmd, auðveldri yfirsýn, ákjósanlegu jafnvægi milli íbúafjölda á landsvæðum, og síðast en ekki síst svæðaskiptingu sem á rætur í hagrænum og félagslegum veruleika hérlandis. Í þessu sambandi má benda á að Reglugerð þings og ráðs ESB um fyrirkomulag svæðaskiptingar í aðildarlöndum sambandsins (nr. 1059/2003, skammstafað NUTS) styðst við slík meginþingarmið sem hér eru nefnd. Þar kemur til sögunnar m.a. reglan um þrepaskiptingu landsvæða án þess að þau skarist; m.ö.o. svæðaskiptingin hafi skýra uppbyggingu. Slíkt viðmið gerir meðal annars hagskýrslugerðarfólki kleift að veita mikilvægar og skilmerkilega afmarkaðar upplýsingar um viðkomandi landsvæði án þess að til ruglings geti komið vegna skörunarvandamála. Á einum stað í þingsályktunartillögunni stendur m.a. að Samtök sunnlenskra sveitarfélaga og Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi „koma að gerð tveggja áætlana þar sem þau koma einnig að gerð áætlana fyrir sín svæði óskert. Árborg mun því t.d. falla undir tvær áætlanir, þ.e. annars vegar sem þjónustukjarni fyrir Suðurland og hins vegar sem jaðarbyggð höfuðborgarsvæðisins.“ (bls. 7) Til frekari skýringar gerir Hagstofan ekki athugasemdir við að Suðurnes í tillögunum falla algjörlega innan Suðvestursvæðisins en það þýðir að engin skörunarvandamál skapast í því tilviki.

Virðingarfyllst,


Magnús S. Magnússon,

skrifstofustjóri



Alþingi
Erindi nr. P 138/2408
komudagur 18.S.2010

Alþingi - nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Akureyri, 17. maí 2010
Tilv.: 1003001

Umsögn um: tillögu til þingsályktunar um sóknaráætlun til eflingar atvinnulífi og samfélagi um land allt, þskj. 476 – 332. mál. Umsögnina gerði Kjartan Ólafsson lektor, hug- og félagsvísindasviði, fyrir hönd Háskólans á Akureyri.

Lögð hefur verið fram á 138. löggjafarþingi tillaga til þingsályktunar um sóknaráætlun til eflingar atvinnulífi og samfélagi um land allt. Markmið slíkrar áætlunar er almennt að styrkja samkeppnishæfni landsins eins og það er orðað og stuðla þannig að því að Ísland verði í fararbroddi í verðmætasköpun, menntun, velferð og lífsgæðum. Þessu markmiði á að ná annars vegar með fjárfestingum í mannauði og nauðsynlegum innviðum efnahagslífsins og hins vegar með stefnu um hvernig styrkja megi menntun og menningu, nýsköpun og þróun, umhverfismál og samfélagslega innviði. Ennfremur á með sóknaráætluninni að samþætta ýmsar lögbundnar áætlanir, svo sem samgönguáætlun, fjarskiptaáætlun, byggðaáætlun og fleiri slíkar áætlanir.

Hin almennu markmið sóknaráætlunarinnar um að styrkja samkeppnishæfni landsins og stuðla að því að Ísland verði í fararbroddi í verðmætasköpun, menntun, velferð og lífsgæðum eru þess eðlis að um þau verður tæplega deilt. Hið sama á við hvað varðar samþættingu ýmissa áætlana að slíkt verður að teljast bæði jákvætt og eftirsóknarvert. Hins vegar má spyrja hvaða ávinningur sé af að samþykkja þingsályktun af því tagi sem hér um ræðir og þar sem stefnt er að markmiðum sem eru svo almenn að erfitt gæti reynst að finna nokkurn sem er þeim ósammála? Svarið við því liggur í því ferli sem lagt er til að notað verði við gerð áætlunarinnar. Með öðrum orðum þá er gildi sóknaráætlunarinnar falið í þeirri samræðu sem ætlað er að eigi sér stað milli ólíkra aðila við gerð áætlunarinnar. Því er svo aftur ætlað að leiða til þess að áherslur og forgangsröðun sóknaráætlunarinnar komi fram í einstökum lögbundnum opinberum áætlunum, breytingum á þeim og fjárveitingum til þeirra.

Að þessu leyti svipar sóknaráætluninni mjög til byggðaáætlana sem með reglulegum hætti hafa verið lagðar fram á alþingi. Sem dæmi má nefna „Greinargerð um athugun á röskun jafnvægis í byggð landsins, um jafnvægisframkvæmdir o.fl.“¹ en þar var um að ræða það sem kalla mátti samþætta áætlun sem byggði á ályktun Alþingis frá 2. febrúar 1953 þar sem sagði: „Alþingi ályktar að fela ríkis-stjórninni að hefja nú þegar undirbúning að heildaráætlun um framkvæmdir í þeim landshlutum, sem við erfiðasta aðstöðu búa sökum erfiðra samgangna og skorts á raforku og atvinnutækjum. Að slíkum undirbúningi loknum skal ríkisstjórnin leggja fyrir Alþingi tillögur sínar um nauðsynlegar framkvæmdir. Skulu þær stefna að því að skapa og viðhalda jafnvægi í byggð landsins og tryggja sem mest framleiðsluafköst þjóðarinnar.“

¹ Gefin út í Reykjavík í september 1956



Því er tilefni til að nefna byggðaáætlanir sérstaklega hér að þar má ef til vill finna einna skýrasta dæmið um áætlun sem svipar til sóknaráætlunarinnar sem með þingsályktuninni er lagt til að ráðist sé í. Í fyrsta lagi er í báðum tilvikum um að ræða þingsályktanir sem þrátt fyrir að fela í sér yfirlýsingu um vilja meirihluta alþingis hefur enga lagalega skuldbindingu í för með sér. Í öðru lagi er í báðum tilvikum um að ræða áætlanir sem ætlað er að hafa áhrif á samfélagslega krafta sem mjög erfitt er að stýra að nokkru leyti. Þetta tvennt er rétt að hafa í huga þegar reynt er að meta þann árangur sem vænta má af því að hrinda slíku verkefni í framkvæmd. Árangur af verkefninu er þannig háður því að hve miklu leyti það hefur áhrif á niðurstöður annarra verkefna og áætlana.

Hér má draga dýrmætan lærdóm af byggðaáætlun. Þar má meðal sjá að sumir þingmenn virðast stundum ekki muna þegar fjallað er um einstök mál að þeir sjálfir hafa þegar markað almenna stefnu í viðkomandi máli í byggðaáætlun. Þetta mátti til dæmis sjá þegar tekin var ákvörðun um byggingu álvers í Reyðarfirði. Á þeim tíma var í gildi byggðaáætlun sem kvað á um að orkufrekum iðnaði skyldi valinn staður utan höfuðborgarsvæðisins og hægt að halda því fram að umrædd framkvæmd væri í samræmi við þá stefnu. Hvorki þeir sem voru fylgjandi þeirri ákvörðun né þeir sem voru henni andvígir vísuðu hins vegar í umræðum um það mál til fyrri afstöðu sinnar um staðarval stóriðju í tengslum við byggðaáætlun. Þetta dæmi er ekki nefnt hér sem gagnrýni á viðkomandi þingmenn heldur til þess að árétta að gildi almennrar stefnumörkunar af því lagi sem hér er rætt um er á endanum fólgið í því að hve miklu leyti sú stefnumörkun er höfð að leiðarljósi þegar teknar eru ákvarðanir í einstökum málum.

Eitt atriði í þingsályktunartillögunni er rétt að tiltaka hér og sem getur haft sjálfstæð áhrif til verulegra breytinga í íslensku samfélagi en það er að í sóknaráætluninni skuli felast áætlun um endurskipulagningu opinberrar þjónustu. Þar gæti jafnvel verið um að ræða stærstu einstöku breytingu á skipulagi opinberrar þjónustu frá því að tekin var upp heimastjórn á Íslandi. Hér er vitaskuld átt við þá hugmynd að skipta landinu í svæði og skipuleggja sóknaráætlunina útfrá styrkleikum einstakra svæða. Því miður er jafnframt lagður til grunnur að svæðaskiptingu sem að stofni til er kjördæmaskipting landsins eins og hún var í alþingiskosningum 1959 og þar til núverandi kjördæmaskipting var tekin upp. Þetta er óheppilegt vegna þess að þessi svæðaskipting á lítið skylt við félagslegan veruleika og skipan byggðar á Íslandi við upphaf 21. aldar. Í þingsályktunartillögunni er reynt að taka á þessum vanda með því að skilgreina skörunarsvæði á suðvesturhorni landsins (höfuðborgarsvæði).



Það er löngu tímabært að horfast í augu við þá staðreynd að skipan landsins í sveitarfélög og landshluta endurspeglar ekki nema að litlu leyti þann veruleika að á Íslandi hefur búseta fólks og þar með þjónusta og atvinnustarfsemi þjappast saman á tvö svæði sem eru Höfuðborgarsvæði og Eyjafjarðarsvæði. Það er vel skiljanlegt að forsvarsmenn landshlutasamtaka sveitarfélaga og fulltrúar ráðuneyta leggi til að svæðaskipting í sóknaráætlun sé bundin í form sem fyrirfram gerir ráð fyrir að litlar sem engar breytingar verði frá núverandi skipan mála. Það má hins vegar spyrja hversu vel það fellur að markmiðum áætlanar þar sem sókn og ný hugsun á sem flestum sviðum á að vera í brennidepli.

Virðingarfyllst,

Stefán B. Sigurðsson, rektor

Álit

um till. til þál. um sóknaráætlun til eflingar atvinnulífi og samfélagi um allt land.

332.mál

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin vísar til tölvubréfs, dags. 1. mars. 2010, þar sem allsherjarnefnd óskar eftir umsögn um tillögu til þingsályktunar um sóknaráætlun til eflingar atvinnulífi og samfélagi um allt land. Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Kristín Tryggva Gunnarsson, verkefnastjóra sóknaráætlunar, sem kynnti verkefnið fyrir nefndinni.

Í tillögunni felst að undirbúin verði sóknaráætlun til að efla atvinnulíf og samfélag um allt land. Gert er ráð fyrir því að áætlun skuli gerð fyrir landið sem heild en að jafnframt verði unnar sóknaráætlanir fyrir eintök landsvæði þar sem landinu er skipt í átta svæði. Stefnt er að því að dregin verði fram lykilhæfni hvers svæðis og atvinnugreina þess, þ.e. að sérstaða hvers svæðis verði greind.

Stýrihópi er ætlað að vinna verkefnið í góðu samráði við aðila vinnumarkaðarins, landshlutasamtök sveitarfélaga, hagsmunaaðila og almenning á viðkomandi svæðum. Það sem hefur einkennt framgang verkefnisins hingað til er víðtækt samráð og dreifstýring. Nefndin telur mikilvægt að þessari stefnu verði fylgt áfram þannig að fulltrúar grasrótarrinnar heima í héraði hafi skýra aðkomu að stjórn verkefnisins og úrvinnslu hugmynda á lokastigum þess. Nauðsynlegt er að heimamenn á hverju svæði, t.a.m. fjórðungssambönd sveitarfélaga, séu sem mest ráðandi við mótun atvinnu- og byggðastefnu síns svæðis og beri ábyrgð á því að hrinda henni í framkvæmd. Aðkoma heimamanna er sérstaklega mikilvæg til að greina þarfir og væntingar á hverju svæði fyrir sig. Nefndin ræddi jafnframt um að til að sátt yrði um verkefnið væri brýnt að sem flestir kæmu að vinnunni, þ.m.t. fulltrúar allra stjórnsmálaflokka á Alþingi.

Jafnframt var rætt um þá skiptingu svæða sem liggur til grundvallar áætluninni. Nefndin telur mikilvægt að skiptingin verði skoðuð með það fyrir augum að sem mest sátt ríki um hana og að hún geti endurspeglad starfhæfar stjórnsýslueiningar. Fram kom það sjónarmið að einstök svæði væru það víðfeðm og innbyrðis ólík að erfitt gæti reynst að móta og hrinda í framkvæmd samræmdri atvinnustefnu fyrir svæðið í heild.

Rætt var um nauðsyn þess að verkefnið skilaði sér í áþreifanlegum aðgerðum í atvinnumálum. Mörg dæmi eru um opinberar skýrslur á liðnum árum sem hafa haft að geyma vandaðar tillögur en minna hefur orðið um að þeim væri hrint í framkvæmd. Sem dæmi var nefnt skýrsla um verkefnið Fólki og fyrirtæki sem kom út á vegum iðnaðarráðuneytis, Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands og Byggðarannsóknastofnunar árið 2003. Nokkrir nefndarmanna lýstu áhyggjum af því að á undanförunum árum hefði stjórnkerfið ekki verið nægilega móttækilegt fyrir tillögum sveitarfélaga, atvinnuþróunarfélaga og annarra um atvinnuuppbyggingu. Þá hefði nauðsynlegt fjármagn ekki fylgt þeim verkefnum sem ætlunin hefði verið að hrinda í framkvæmd. Mikilvægt væri að hafa þessa reynslu að leiðarljósi við framkvæmd og eftirfylgni sóknaráætlunar.

ÍSÍ ÍPRÓTTA- OG ÓLYMPIÚSAMBAND ÍSLANDS THE NATIONAL OLYMPIC AND SPORTS ASSOCIATION OF ICELAND

Íþróttamiðstöðinni Laugardal, Engjavegi 6, 104 Reykjavík.

Sími/Tel. +354 514 4000, Fax +354 514 4001, isi@isi.is, www.isi.is, www.olympic.is



Allsherjarnefnd Alþingis

*Alþingi
Erindi nr. P 138/1388
komudagur 25.3.2010*

Reykjavík, 24. mars 2010

Varðar: Tillaga til þingsályktunar um sóknaráætlun til eflingar atvinnulífi og samfélagi um land allt, 332. mál

Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands hefur tekið til umfjöllunar þingsályktunartillögu um ofangreint málefni.

Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands fagnar framtaki sem þessu og hvetur til þess að litið verði til íþróttahreyfingarinnar í þeirri vinnu sem framundan er. Áhrifa íþróttar gætir víða í samfélaginu, svo sem á sviði heilbrigðismála, forvarnamála, uppeldismála, félagsauðs, ferðamannþjónustu, samfélagsþjónustu, menntunar og mannvirkjagerðar, svo eitthvað sé nefnt.

Meira en þriðjungur þjóðarinnar kemur að íþróttum á einn eða annan hátt. Íþróttahreyfingin er borin upp af sjálfbærliðum en öflugt íþróttalíf skapar jafnframt störf innan sveitarfélaga, hvort heldur er við þjálfun, stjórnun og/eða rekstur mannvirkja. Mikil sóknarfæri liggja einnig í því að standa fyrir alþjóðlegum íþróttavliðburðum.

Í því samhengi má nefna að í lokaverkefni Þórdísar Lilju Gísladóttur til MA prófs í menningar- og menntastjórnun árið 2006 kemur m.a. fram að áætluð eyðsla um 700 erlendra þátttakenda sem tóku þátt í Reykjavíkummarþoni 2006 sé rúmar 67 milljónir króna.

Íþróttahreyfingin hefur í hvívetna lagt metnað sinn í að halda úti góðri þjónustu við íslenskt samfélag, koma til móts við breyttar þarfir og upphugsa ný tækifæri í ljósi þrenginga í þjóðfélaginu. Nýlega hófst samstarf Vinnumálastofnunar og ÍSÍ þar sem markmiðið er að skapa atvinnuleitendum störf í íþróttahreyfingunni.

Íslenskt afreksfólks í íþróttum hefur undanfarin ár náð markverðum árangri á alþjóðavísu og vakið mikla athygli bæði hér heima og á erlendri grundu. Árangur íslenskra afreksíþróttamanna skapar samhug meðal þjóðarinnar og lýsandi dæmi um það er árangur íslenska karlalandsliðið í handknattleik á Ólympíuleikunum í Peking 2008 og EM 2010.

Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands leggur áherslu á að íþróttahreyfingin fái að koma að undirbúningi sóknaráætlunar með virkum hætti.

Virðingarfyllst,

ÍSÍ ÍPRÓTTA- OG ÓLYMPIÚSAMBAND ÍSLANDS

Líney Rut Halldórsdóttir
framkvæmdastjóri



Jafnréttisstofa

Til: Nefndasvið Alþingis, Austurstræti 8-10, 150 Reykjavík.

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um sóknaráætlun til eflingar atvinnulífi og samfélagi um land allt, 332. mál.

Sendandi: Tryggvi Hallgrímsson, Jafnréttisstofu, Borgum v/ Norðurslóð, 600 Akureyri.

Staður/Dags: Akureyri, 15. mars 2010

Með tölvubréfi sem Jafnréttisstofu barst þann 1. mars 2010 er óskað eftir umsögn um þingsályktun þess efnis að Alþingi álykti að fela ríkisstjórn að undirbúa sóknaráætlun til að efla atvinnulíf og samfélag um allt land (20/20 Sóknaráætlun fyrir Ísland).

Jafnréttisstofa tekur undir inngangsorð þingsályktunar um mikilvægi þess að samþætta þurfi kynjasjónarmið í allri áætlanagerð og tryggja að uppbygging samfélags og atvinnulífs taki mið af báðum kynjum.

Jafnframt telur Jafnréttisstofa mikilvægt að sóknaráætlun taki mið af 11. gr. laga nr. 10/2008 og ítrekar mikilvægi þess að sóknaráætlun sé unnin með hliðsjón af verkefnum, tilgreindum í *þingsályktun um framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum*, sem ætlað er að tryggja jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla í íslensku samfélagi. Mikilvægt er að hafa í huga að ný framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum er enn í vinnslu, en síðasta framkvæmdaáætlun er útrunnin.

Í 11. gr. laga nr. 10/2008 segir: „*Félags- og tryggingamálaráðherra leggur fyrir Alþingi, innan árs frá alþingiskosningum, tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára í senn að fengnum tillögum einstakra ráðuneyta, Jafnréttisstofu og Jafnréttisráðs. Enn fremur skal höfð hliðsjón af umræðum jafnréttisþingsins skv. 10. gr. Þingsályktun um framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum skal fela í sér verkefni sem ætlað er að tryggja jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla í íslensku samfélagi, sbr. 1. gr. laganna. [...].*“


Ennfremur skal sérstaklega benda á mikilvægi þess að allir aðilar sem koma að stefnumótun og ákvarðanatöku uppfylli 17. gr. laga nr. 10/2008 þar sem segir: „*Kynjasamþættingar skal gætt við alla stefnumótun og áætlanagerð sem gerð er á vegum ráðuneyta og opinberra stofnana er starfa á málefnasviði þeirra. Hið sama gildir um alla ákvörðunartöku innan ráðuneyta og stofnana eftir því sem við getur átt.*“

Kyngreindar upplýsingar eru forsenda þess að hægt sé að gæta kynja- og jafnréttissjónarmiða við áætlanagerð. Ítreka verður að allir sem koma að vinnu vegna sóknaráætlunar skuli kyngreina upplýsingar. Í 16. gr. laga nr. 10/2008 segir að: „*Í opinberri hagskýrslugerð um einstaklinga og í viðtals- og skoðanakönnunum skal greint á milli kynja við söfnun gagna, úrvinnslu þeirra og birtingu upplýsinga [...].*“

Jafnréttisstofa fagnar því að í 20/20 Sóknaráætlun fyrir Ísland séu kynjasjónarmið höfð að leiðarljósi. Reynslan hefur þó sýnt að afar mikilvægt sé að skapa sérstakt vinnuferli og ákveðið vinnulag við innleiðingu kynjasjónarmiða í stefnumótun og við ákvarðanatöku. Jafnréttisstofa leggur til að slíkt vinnuferli og slíkt vinnulag verði tekið upp og leggur áherslu á að þeir sem koma að áframhaldandi vinnu öðlist þekkingu á aðferðafræði kynjasambættingar.

Jafnréttisstofa stendur fyrir námskeiðum um kynjasambættingu fyrir aðila sem koma að stefnumótun og ákvarðanatöku. Námskeiðin byggja m.a. á aðferðafræði sem kynnt er í útgáfu Jafnréttisstofu *Jöfnum leikinn: Handbók um kynjasambættingu*. Upplýsingar um kynjasambættingu, námskeið Jafnréttisstofu og handbókina sjálfa er að finna á vefslóðinni www.samstiga.is

Virðingarfyllt
f.h. Jafnréttisstofu,



Tryggvi Hallgrímsson, sérfræðingur

3.3.2010

Alþingi
Erindi nr. P 138/1119
komudagur 3.3.2010

Til Allsherjarnefndar Alþingis

Kennarasamband Íslands fékk senda til umsagnar tillögu til þingsályktunar um sóknaráætlun til eflingar atvinnulífi og samfélagi um land allt, 332. mál.

Kennarasambandið lýsir yfir stuðningi sínum við málið í heild sinni.

Með kveðjur

Eiríkur Jónsson formaður KÍ



LEB

Landssamband eldri borgara

Langholtsvegur 111, 104 Reykjavík
KT: 600989-4059; Fax: +3545515835
Símar: +3545677111/ +3546986250
Netfang: leb@leb.is
Heimasíða: www.leb.is

Alþingi
Erindi nr. P 138/1264
komudagur 16.3.2010

Reykjavík 15. mars 2010

Efni: Þskj. 476- 332 mál

Tillaga til þingsáætlunar um sóknarfæri til eflingar atvinnulífi og samfélagi um land allt.

Stjórnarfundur LEB haldinn 10. mars fjallaði um ofangreinda tillögu og hefur ekki athugasemdir við hana að öðru leyti en því að í áætluninni verði lögð áhersla á að undir lið 3, félagsauður, verði haft samráð við LEB þar sem eldri borgarar geta einkum miðlað af reynslu og þekkingu hvað þann lið varðar. LEB leggur mikla áherslu á að í tillögunni verði gert ráð fyrir aukinni atvinnuþátttöku eldra fólks án þess að það skerði kjör þeirra, t.d. hvað varðar bætur frá TR. LEB hvetur til þess að horft verði til velferðarkerfis á Norðurlöndum í þessum efnum.

Fyrir hönd LEB

Valgerður Katrín Jónsdóttir, framkvæmdastjóri LEB

Alþingi
Erindi nr. P 138/1262
komudagur 16.3.2010



LANDVERND

Til Allsherjarnefndar Alþingis

15.mars 2010

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um sóknaráætlun til eflingar atvinnulífi og samfélagi um land allt..

Landvernd fagnar því að stjórnvöld skuli hvetja til uppbyggingar grænnar atvinnustarfsemi á Íslandi með undirbúningi sóknaráætlunar til að efla atvinnulíf og samfélag um allt land. Eins er ánægjulegt að móta eigi stefnu um hvernig megi styrkja umhverfismál í samræmi við hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar.

Landvernd telur að atvinnuuppbygging og nýting auðlinda landsins verði að vera í sátt við náttúruna og að í öllum áætlunum verði að taka tillit til umhverfispáttá náttúrunni í vil. Leggja ætti áherslu á atvinnusköpun sem byggir á menntun og menningu þjóðarinnar og efla nýsköpun í sjávarútvegi, landbúnaði, hátækni og smáíðnaði. Uppbygging stóriðju um allt land og stórfelld orkuvinnsla því tengd er á skjön við hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar.

Landvernd tekur undir að heildstæð sýn og sameiginleg markmið til að tryggja markvissari og öflugri áætlanagerð sé nauðsynleg til að ná fram markmiðum um græna atvinnuuppbyggingu. Huga þarf að því að sú sýn snúi einnig að öðrum þáttum eins og umhverfismennt, orkumálum, skipulagsmálum, ferðamálum og ímyndar Íslands sem sjálfbærs samfélags.

Samþætting áætlana gæti verið ein leiðin til að ná því markmiði. Þær gætu leitt til aukinnar samvinnu milli ráðuneyta og stofnana ríkisins. Landvernd varar þó við að nota samþættingu til að draga úr áhrifum umhverfisverndaráætlana eins og t.a.m. náttúruverndaráætlunar.

Landvernd telur einnig að meira þurfi til. Breyta þarf lögum um mat á umhverfisáhrifum þar sem tryggja þarf að öll umhverfisáhrif framkvæmda verði metin samhliða en ekki í bútum yfir langan tíma. Eins þarf að koma á lögum um landsskipulag.

Í ljósi þess að sóknaráætluninni er ætlað að byggja upp græna atvinnustefnu telur Landvernd nauðsynlegt að umhverfisverndarsamtök á Íslandi komi að þeirri vinnu og leggi til bæði reynslu og hugmyndir. Hugmyndin um hið græna Ísland er ekki ný. Hún hefur verið aðalmarkmið Landverndar í 40 ár.

Lára Vilhjálmsdóttir
framkvæmdastjóri

Alþingi
Erindi nr. P 138/1451
komudagur 26.3.2010

Nefndasvið
Alsherjarnefnd Alþingis
Alþingi v/Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 25. mars 2010
2010030001/42-1-3
JGO/TB
jgo/tb

Sóknaráætlun til eflingar atvinnulífi og samfélagi

Vísað er til tölvupósts/bréfs frá Alþingi, dags. 1. mars sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu til þingsályktunar um sóknaráætlun til eflingar atvinnulífi og samfélagi um land allt. Í þingsályktunartillögunni felast m.a. áform um fjárfestingar í mannauði og nauðsynlegum innviðum efnahagslífsins og stefnu um hvernig styrkja megi menntun og menningu, nýsköpun og þróun, umhverfismál og samfélagslega innviði. Grundvöllur atvinnustefnunnar skal m.a. vera jafnræði og jafnrétti, heilbrigðir viðskiptahættir og skal stefnan byggjast á grænni atvinnuuppbyggingu og hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar. Gera skal ráð fyrir að samþætta ýmsar áætlanir á vegum ríkisins. Gert er ráð fyrir að áherslur og forgangsröðun sóknaráætlunar muni birtast í einstökum lögbundnum opinberum áætlunum, breytingum á þeim, framkvæmd þeirra og fjárveitingum til þeirra.

Náttúrufræðistofnun Íslands tekur undir að þörf er á að samræma ýmsar áætlanir ríkisins og gera þær skilvirkari. Eigi áætlanir eða framkvæmdir að vera samkvæmt sjálfbærri þróun er nauðsynlegt strax í upphafi að skilgreina hvaða kröfur eigi að setja. Til að leggja mat á eða ákveða hvort einstök áætlun eða framkvæmd sé samkvæmt sjálfbærri þróun verður sú ákvörðun eða mat að vera byggt á ábyggilegum fræðilegum grunni og vísindalegum gögnum en ekki vanþekkingu eða óskilgreindum hagsmunum. Sé þetta ekki gert munu slíkar áætlanir eða framkvæmdir aldrei vera það sem þeim er ætlað. Rammaáætlun um vernd og nýtingu orkuauðlinda er nýlegt og gott dæmi um áætlun þar sem reynt er að vinna í anda sjálfbærrar þróunar þ.e. að tryggja félagsleg og efnahagsleg gæði án þess að ganga á náttúruna umfram það sem hún þolir. Hvernig tekst til á endanum er ekki enn ljóst.

Í framangreindri þingsályktunartillögu er beinlínis tekið fram að hún eigi að hafa áhrif á fjárveitingar. Náttúrufræðistofnun telur að eftirfarandi verkefni uppfylli skilyrði þingsályktunartillögunnar um að stuðla að sjálfbærri þróun, styrkja menntun og menningu, nýsköpun og þróun, umhverfismál og samfélagslega innviði og muni þjóna eflingu atvinnulífs:

- Fjármagni verði veitt til að ljúka gerð gróður- og vistgerðakorta af Íslandi, af þurrlendi, ferskvatni og grunnsævi umhverfis landið, sbr. samþykkt ríkisstjórnarinnar:
Stefnumörkun Íslands um framkvæmd samningsins um líffræðilega fjölbreytni . Vistgerðir



eru undirstöðueining í evrópskri samvinnu um skráningu og vernd náttúrunnar. Markmiðið með vistgerðaflokkun lands er að skapa grunn fyrir vöktun náttúru, skynsamlega landnotkun, sjálfbæra nýtingu auðlinda og verndun lífríkis og jarðminja, svo og að draga úr kostnaði þjóðfélagsins af framkvæmd laga um umhverfismál. Gerð gróður- og vistgerðakorta af landinu hefði verulegan fjárhagslegan ávinning í för með sér fyrir ríki og sveitarfélög og framkvæmdaaðila yfirleitt. Kortin myndu flýta og bæta gerð skipulagsáætlana og mat á umhverfisáætlunum áætlana og framkvæmda og auðvelda alla ákvarðanatöku um landnotkun. Kortin myndu nýtast við innleiðingu Evróputilskipana s.s. vatnatilskipunar, tilskipunar um umhverfisábyrgð og náttúruverndartilskipunar, komi til þeirra.

- Tryggja þarf fjármagn til að gera heildstæða vöktunaráætlun yfir lykilhætti líffræðilegrar fjölbreytni á þurrlendi, í ferskvatni og hafinu umhverfis landið og hrinda henni í framkvæmd, sbr. samþykkt ríkisstjórnarinnar: *Stefnumörkun Íslands um framkvæmd samningsins um líffræðilega fjölbreytni*. Þörf er fyrir slíka áætlun svo unnt sé að fylgjast með þróun helstu þátta í lífríki landsins og grípa til verndaraðgerða ef þörf reynist. Vöktun á lífríki Íslands í dag svarar ekki þessum spurningum nema að takmörkuðu leiti.
- Styrkja þarf allan upplýsingagrunn um jarðfræði, lífríki og landslag og bæta verulega aðgengi almennings og fyrirtækja að upplýsingum. Þetta er sjálfsagður þáttur í því að birta það sem fjallað er um hér að framan en oft gleymist að þetta krefst sérhæfðrar tæknilegrar vinnu og nýsköpunar á sviði framsetningu gagna og fræðslu. Verið er að huga að því að innleiða „INSPIRE“ tilskipun á Íslandi sem m.a. gerir það að verkum, ef rétt er á haldið, að umhverfisskýrslur og öflun gagna verður aðgengilegri og notkun ódýrari.

Öll framangreind verkefni eru þess eðlis að þau falla vel að og eru á verksviði Náttúrufræðistofnunar, þau bæta verulega upplýsingar um íslenska náttúru og gefa vísbendingar um hvort áætlanir, atvinnuuppbygging og framkvæmdir séu byggðar á grundvelli sjálfbærrar þróunar. Þessi verkefni eru auk þess hluti af nýsköpun og þróun á aðferðafræði á sviði náttúrufræði og upplýsingaöflunar.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson



Alþingi
Erindi nr. P 138/1266
komudagur 16.3.2010



ORKUSTOFNUN

Grensásvegur 9
108 REYKJAVÍK
os@os.is

Sími - 569 6000
Fax - 568 8896
http://www.os.is

Alþingi - Allsherjarnefnd
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 15. mars 2010
Tilvísun: 2010030003
Bréfalykill: 50.11
Verknúmer: 1227000

Efni: Umsögn Orkustofnunar um tillögu til þingsályktunar um sóknaráætlun til eflingar atvinnulífi og samfélagi um land allt, 332. mál.

Orkustofnun hefur borist erindi allsherjarnefndar Alþingis, dags. 1. mars 2010, þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um tillögu til þingsályktunar um sóknaráætlun til eflingar atvinnulífi og samfélagi um land allt, 332. mál.

Orkustofnun hefur kynnt sér framangreinda tillögu til þingsályktunar og fagnar stofnunin því frumkvæði ríkisstjórnarinnar að undirbúa heildarstefnu til að efla atvinnulíf og samfélag um land allt. Orkustofnun vill í kjölfarið koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum.

Í tillögunni segir m.a. að heildstæð sýn og sameiginleg markmið tryggi markvissari og öflugri áætlanagerð og með sóknaráætlun mun ríkisstjórnin samþætta opinberar áætlanir sem miða að því að efla atvinnu, menntun og endurskipulagningu opinberra þjónustu. Þá segir að meðal þeirra áætlana sem skal samþætta er áætlun um orkubúskap þjóðarinnar, hagnýtingu orkulinda og annarra jarðrænna auðlinda landsins, sbr. 4. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga um Orkustofnun, nr. 87/2003. Orkustofnun tekur undir mikilvægi þess að samþykkt sé almennt heilstæð orkustefna. Orkustofnun bendir einnig á að í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar segir að mótuð skuli heildstæð orkustefna sem skuli miða að því að endurnýjanlegir orkugjafar leysi innflutta orku af hólmi og að við orkuframleiðslu með vatnsafl og jarðvarma verði gætt varúðar- og verndarsjónarmiða. Þá er einnig kveðið á um að orkustefnan skuli styðja við fjölbreytt atvinnulíf, með áherslu á uppbyggingu vistvæns hátækniiðnaðar og að sjálfbær nýting verði höfð að leiðarljósi. Ennfremur segir í samstarfsyfirlýsingunni að ríkisstjórnin vilji efla græna atvinnustarfsemi, þar með talin verkefni þar sem hrein og endurnýjanleg orka er nýtt á sjálfbæran hátt til verðmæta- og atvinnusköpunar. Lögð verði áhersla á að kortleggja sóknarfæri Íslands í umhverfisvænum iðnaði og ýta undir fjárfestingar með tímabundnum ívilnunum og hagstæðu orkuverði.

Með vísan til framanritaðs vekur Orkustofnun athygli á að iðnaðarráðherra hefur skipað sjö manna stýrihóp sem hefur það hlutverk að undirbúa og fjalla um efnistöð og framsetningu stefnumótunar á sviði orkumála.

Þá bendir Orkustofnun einnig á að vinna við II. áfanga rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma stendur enn yfir og er þeirri vinnu ætlað að ljúka á þessu ári. Er þeirri vinnu m.a. ætlað vinna að því að skapa sátt um vernd og nýtingu náttúrusvæða. Sérstök áhersla er lögð á að meta verndargildi háhitasvæða landsins og flokka þau með tilliti til verndar og orkunýtingar. Stefnt verður að því að leggja niðurstöðu rammaáætlunar fyrir Alþingi til

formlegrar afgreiðslu.

Með vísan til framanritaðs vill Orkustofnun vekja athygli á að stjórnvöld eru nú þegar að vinna að einstökum þáttum sem m.a. vísað er til í tillögunni. Á grundvelli þeirrar vinnu, þ.e. niðurstöðu rammaáætlunar og mótun orkustefnu, er unnt að vinna með upplýstum hætti að umræddri tillögu hvað varðar þessa þætti.


Í greinargerð með umræddri tillögu til þingsályktunar segir, á bls. 8, að gert sé ráð fyrir að Bygðastofnun, starfsstöðvar Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands, atvinnuþróunarfélög, menntastofnanir og setur og velferðarstofnanir í viðkomandi landshlutum hafi samvinnu um að veita landshlutasamtökum þeim sem lagt er til að komið verði á fót samkvæmt tillögunni, ráðgjöf við gerð sóknaráætlunarinnar. Í ljósi þessa, og að í tillögunni er gert ráð fyrir fyrrgreindri áætlun um orkubúskap þjóðarinnar, hagnýtingu orkulinda og annarra jarðrænna auðlinda landsins, vekur Orkustofnun athygli á að samkvæmt 1. tölul. 1. gr. laga um Orkustofnun ber stofnunin lagalega skyldu til þess að vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um orkumál og önnur auðlindamál sem stofnuninni eru falin með lögum og veita stjórnvöldum ráðgjöf og umsagnir um þau mál. Að auki ber Orkustofnun samkvæmt 3. tölul. sama ákvæðis að safna gögnum um orkulindir og aðrar jarðrænar auðlindir, nýtingu þeirra og orkubúskap landsmanna, varðveita þau og miðla upplýsingum til stjórnvalda og almennings. Í ljósi þessa bendir Orkustofnun á að stofnunin ber lagalega skyldu til að veita ráðgjöf hvað varðar lögbundið verksvið stofnunarinnar. Í ljósi þessa telur Orkustofnun æskilegt að leitað sé ráðgjafar stofnunarinnar varðandi þau málefni sem henni eru falin lögum samkvæmt.

Þá er í 4. tölul á bls. 8 vísað til þess að við stefnumörkun verði m.a. lögð áhersla innviði samfélagsins, þ.m.t. orku- og veitukerfi. Vekur Orkustofnun athygli allsherjarnefndar á að iðnaðarráðherra hefur skipað ráðgjafahóp til að fara yfir fyrirliggjandi tillögur Landsnets um leiðir til að bæta raforkuöryggi á Vestfjörðum og leggja mat á það til hvaða aðgerða þurfi að grípa til að bæta samkeppnisstöðu Vestfjarða til atvinnuuppbyggingar í orkufrekum iðnaði. Umsjón með störfum hópsins er í höndum Orkustofnunar. Að mati Orkustofnunar kunna niðurstöður umrædds ráðgjafahóps að nýtast við þá vinnu sem lögð er til í framangreindum tölulíð, þ.e. varðandi orku- og veitukerfi.

Orkustofnun gerir að öðru leyti ekki athugasemdir við efni tillögunnar.

Virðingarfyllst


Lárus Ólafsson



Alþingi
Erindi nr. P/138/1238
komudagur 12. 3. 2010

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 05.03.2010

0905168SA AGB/gk
Málalykill: 098

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um sóknaráætlun til eflingar
atvinnulífi og samfélagi um land allt
-Þskj. 476 – 332. mál.**

Tillagan var send til umsagnar Sambands íslenskra sveitarfélaga með tölvubréfi 1. mars sl.

Sambandið telur að tillagan feli í sér mikilvæg áform um uppbyggingu eftir efnahagshrunið og til umbóta á opinberri stjórnsýslu og áætlanagerð. Það fagnar sérstaklega að efling sveitarstjórnarstigsins og aukin dreifstýring er mikilvægur þáttur í tillögunni. Gert er ráð fyrir sóknaráætlunum fyrir einstök landsvæði með aðkomu landshlutasamtaka sveitarfélaga. Þessi nálgun er ótvírætt skref í rétta átt. Sambandið telur að hlutverk ríkisins eigi að vera að setja leiðarljós og meginmarkmið fyrir byggða- og atvinnuuppbygginu á landsvísu, en heimamenn eigi innan þess ramma að hafa forræði á áætlanagerð, sem lýtur að þeirra svæði, og innleiðingu áætlana. Þannig getur þekking heimamanna á aðstæðum nýst og það stuðlar að ábyrgu samstarfi þeirra þvert á sveitarfélög. Sambandið telur að samhliða sóknaráætlunarverkefninu eigi að vinna að því að sveitarfélög og samtök þeirra fái stjórnskipunarlega ábyrgð og forræði á uppbyggingarmálum á sínum svæðum. Tryggja þarf með lögum samhæfingu áætlana þvert á ráðuneyti og stjórnsýslustig og samstarf allra hagsmunaaðila við áætlanagerð og innleiðingu. Ástæða er til að benda á finnsk lög, sem tóku gildi um síðustu áramót¹, sem hugsanlega fyrirmynd en í Finnlandi eru tvö stjórnsýslustig eins og hér á landi.

Virðingarfyllst

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Anna G. Björnsdóttir
sviðsstjóri þróunar- og alþjóðasviðs

¹ Lag om utveckling av regionerna, 1651/2009
<http://www.finlex.fi/sv/laki/kokoelma/2009/20090198.pdf>



Samband sveitarfélaga á Austurlandi

Hafnargötu 28 eh. * 710 Seyðisfirði * Sími 472 1690 * Fax 472 1691 * Netfang ssa@ssa.is * www.ssa.is

Nefndasvið Alþingis
Allsherjarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Seyðisfirði 16. mars. 2010.

Alþingi
Erindi nr. P 138/1304
komudagur 19.3.2010

Umsögn SSA : Tillaga til þingsályktunar um sóknaráætlun til eflingar atvinnulífi og samfélagi um land allt. 138. lþ -332. mál.

SSA= Samband sveitarfélaga á Austurlandi .

Tillagan var til umræðu á stjórnarfundum SSA 1.mars sl.

Eftirfarandi kom sérstaklega til umræðu :

SSA: Styður þau meginmarkmið að koma á samræmingu áætlana ríkisins.

SSA : Styður sérstaklega að nú eigi að samræma áætlanir er varða samfélagsmál og og búsetuskilyrði almennt við áætlanir er varða grunngerð og innviði.

SSA: Leggur áherslu á að við endurskipulagningu í opiberrri þjónustu verði aukin verkefni færð til sveitastjórnarstigsins.

SSA : Styður tillögu um svæða skiptingu landsins er varðar Austursvæði.

Hér eru í meginatriðum höfð til hliðsjónar þau samstarfssvæði sem sveitarfélög í landinu hafa starfað með allengi :

SSA : Leggur áherslu á að tryggt verði að í framhaldinu verði unnið með afurðina s.s helstu kosti landshlutanna til raunverulegrar sóknar á landsbyggðinni.

Fjármögnun verkefnis 20/20 Sóknaráætlun Íslands.

SSA :Gerir athugasemd við að tilgreind " hagsmunasamtök " s.s landshlutasamtökum sveitarfélaga og atvinnuþróunarfélögum skuli gert skylt að koma sterk að verkefninu án þess að nokkurt fjármagn fylgi með til að vinna þá vinnu. Óskað er eftir því að hér verði gerð leiðrétting á.

Virðingarfyllt
f. h. stjórnar SSA

Þorvaldur Jóhannsson
Frankkvæmdastjóri



Alþingi
Alísherjarnefnd
Austurstræti 8 - 10

150 REYKJAVÍK

Efni: Umsögn um þingsál.tillögu um sóknaráætlun til eflingar atvinnulífi og samfélagi um land allt, 332. mál.

Samtök atvinnulífsins hafa að beiðni stjórnvalda tekið þátt í vinnu að sóknaráætlun allt frá því um mitt ár 2009. Ríkisstjórnin sendi þann 24. júlí 2009 frá sér yfirlýsingu um að hún hafi samþykkt að unnið verði að 20/20 sóknaráætlun. Það vekur athygli að þegar vinna við áætlunina hefur staðið yfir í u.þ.b. 8 mánuði sé lögð fram tillaga í þinginu um að Alþingi álykti að fela ríkisstjórninni að undirbúa sóknaráætlun til að efla atvinnulíf og samfélag um allt land.

Samtök atvinnulífsins leggja ekki mat á efni þingályktunartillögunar sem virðist metnaðarfull en algerlega skortir mælanleg markmið sem stefnt er að með þessari víðtæku áætlanagerð og myndi gefa henni meira gildi. Markvissari nálgun sem miðar að auknum hagvexti og endurreisn alþjóðlegrar samkeppnishæfni Íslands er æskilegri. Má í því sambandi m.a. vísa til sóknaráætlunar ESB, Europe 2020 (Smart, sustainable and inclusive growth), sem er nú í undirbúningi og verður væntanlega samþykkt innan skamms, sbr. <http://ec.europa.eu/eu2020/>.

SA vekja einnig athygli Alþingis á aðgerðaáætlun samtakanna sem birt var í febrúar undir yfirskriftinni „Atvinna fyrir alla“ en þar er að finna markmið og leiðir til að skapa ný störf og endurheimta fyrri lífskjör þjóðarinnar. Aðgerðaáætlunina má finna á vef Samtaka atvinnulífsins undir slóðinni: <http://www.sa.is/frettir/almennar/nr/4754/>

Virðingarfyllst

Pétur Reimarsson



Nefndarsvið Alþingis
Allsherjarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 16. mars 2010

Efni: Tillaga til þingsályktunar um sóknaráætlun til eflingar atvinnulífi og samfélagi um land allt, ~~232.~~ mál. 332.

Stefnumörkun og stefnumótun eru vinnubrögð sem skynsamlegt er að beita til að ná settum markmiðum. Þá aðferðafræði þekkja Samtök iðnaðarins vel og hafa beitt með góðum árangri í sínum störfum.

Þegar liggur fyrir stefnumótun á mörgum sviðum og nægir að benda á afrakstur Hátækni- og sprotabings í nóvember 2009.


Það er vissulega mikilvægt að staldra við og horfa fram á veginn en það má ekki verða á kostnað þess að framkvæma það sem þegar liggur fyrir að takast þurfi á við og er afrakstur stefnumótunar sem þegar er lokið.

Samtök iðnaðarins sakna þess að í ályktunina vantar hugtök og orð á borð við:

- útflutningur
- framleiðsla
- iðnaður
- arðsemi
- tekjuöflun
- fyrirtæki
- gjaldeyrisöflun
- arðbær störf og starfsemi

Það blasir við að á næstu 10 árum þarf að skapa störf fyrir 35.000 manns. Hryggjarstykkið í viðfangsefni þessa fólks og þeirra fyrirtækja sem það starfar hjá verður að vera framleiðsla á vörum og þjónustu fyrir erlenda markaði. Þetta verður að vera leiðarstefið í vinnu að sóknaráætlun.

SAMTÖK IÐNAÐARINS


Jón Steindór Valdimarsson
framkvæmdastjóri



Nefndasvið Alþingis
Allsherjarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 138/1371
komudagur 24.3.2010

Hvammstanga 23. mars 2010

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um sóknaráætlun til eflingar atvinnulífi og samfélagi um land allt. 332 mál

Almennt um tillöguna.

Stjórn SSNV styður meginmarkið þingsályktunartillögu um sóknaráætlun. Á starfssvæði landshlutasamtaka sveitarfélaga er löng hefð fyrir samstarfi og því er skynsamlegt að miða við starfssvæði þeirra í viðamiklu verkefni sem þessu. Í umsögn um drög að byggðááætlun 2010-2013 benti SSNV á mikilvægi samþættingar áætlanagerðar hins opinbera og ber því að fagna áforum um samþætta áætlanagerð sem varða samfélagsgerð og búsetuskilyrði við áætlanir sem fjalla um innviði og grunngerð.

Svæðaskipting.


Stjórn SSNV styður þá svæðaskiptingu sem lagt er upp með og leggur áherslu á að endurskipulag opinberrar þjónustu taki mið af þeirri svæðaskiptingu í framhaldinu. Í texta er talað um að helstu styrkleikar Norðvestursvæðis séu m.a góð tenging við sterkan þjónustukjarna í Eyjafirði sem ætti að geta skapað sóknarfæri og samvinnu milli þessara tveggja svæða, t.d. í atvinnumálum. Þá er einnig talað um góða tengingu við Vestursvæðið og Suðvestursvæðið. **Þrátt fyrir það vill SSNV undirstrika mikilvægi þess að uppbygging og endurskiplagning opinberrar þjónustu fari fram innan Norðvestursvæðis til styrkingar búsetuskilyrðum á svæðinu.**

Fjármögnun verkefnisins 20/20 Sóknaráætlun fyrir Ísland

SSNV telur mikilvægt að áður en lagt er af stað í jafn viðamikið verkefni og sóknaráætlun skuli fara fram kostnaðarmat og ákveðið verði fyrirfram hvernig kostnaðarskiptingu skuli háttað. Í texta er gert ráð fyrir að „hagsmunaaðilar“ skuli standa straum af þeim kostnaði sem þátttaka þeirra leiðir af sér. Skilgreina þarf betur hverjir þessir hagsmunaaðilar eru og leita samráðs við þá um þátttöku í kostnaði. Nú þegar hefur SSNV staðið straum af útlögðum kostnaði vegna þjóðfundar á Norðurlandi vestra og mun óska eftir því að við ríkisvaldið að sá kostnaður verði endurgreiddur þar sem sá kostnaður er utan fjárhagsáætlunar. Áréttað er mikilvægi þess að fjármögnun og kostnaðarskipting. liggi fyrir áður en lagt er upp því slík óvissa dregur úr áhuga aðila til þess að vinna að annars góðu verkefni.

Ekki eru gerðar frekari athugasemdir við drögin að svo stöddu.

Virðingarfyllt


 Samtök sveitarfélaga
á Norðurlandi vestra
Kt. 541292-2419
Höfðabraut 6 · 530 Hvammstangi

Jón Óskar Pétursson, framkvæmdastjóri

Alþingi
Erindi nr. P 138 / 1239
komudagur 12.3.2010



2010030026

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 11. mars 2010

/--

Efni: Tillaga til þingsályktunar um sóknaráætlun til eflingar atvinnulífi og samfélagi um land allt

Skipulagsstofnun fagnar því að lögð sé fram tillaga til þingsályktunar um sóknaráætlun. Eins og sóknaráætlun er lýst í tillögunni, og í framkvæmd sem er langt komin, er hún að mörgu leyti sambærileg við það sem kallast landsskipulagsáætlun eða landsskipulagsstefna á hinum Norðurlöndunum. Almenn tæfing um umræða um skipulagsstefnu í Evrópulöndum þróast ákveðið í þá átt að áætlanir sem varða landnotkun á landsvísu eru sambætтар innbyrðis og við áætlanir og stefnu um byggðapróun. Þessi sambætting er kölluð "spatial planning" og samræmd notkun aðferða og hugtaka hefur breiðst út um Evrópu auðveldað allan samanburð milli landa.


Á Íslandi hafa lengi verið uppi áform um að bæta landsskipulagsstigi við svæðis-, aðal- og deiliskipulagsstigin sem fyrir eru samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997. Úr því hefur þó ekki orðið nema að því leyti að í frumvarpi til skipulagslaga sem nú er til umfjöllunar í umhverfisnefnd Alþingis er gert ráð fyrir því að umhverfisráðherra leggi fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar um landsskipulagsstefnu. Í landsskipulagsstefnu eru sambætтар áætlanir opinberra aðila um samgöngur, byggðamál, náttúruvernd, orkunýtingu og aðra málaflokka sem varða landnotkun. Í frumvarpinu er tekið fram að sveitarfélög skuli taka mið af landsskipulagsstefnu við gerð skipulagsáætlana eða breytinga á þeim og, eftir því sem við á, samræma þær landsskipulagsstefnu innan fjögurra ára frá samþykkt hennar. Í frumvarpinu kemur skýrt fram hver skuli vera málsmeðferð tillögu að landsskipulagsstefnu.

Í þingsályktunartillögu um sóknaráætlun kemur fram að gera skuli sambætta sóknaráætlun fyrir landið sem heild en jafnframt skuli unnar sóknaráætlanir fyrir einstök landsvæði, sem eru átta. Þegar hafa verið haldnir "þjóðfundir" um sóknaráætlun á 6 af 8 svæðum. Þessir fundir hafa verið með virkri þátttöku 90-120 fulltrúa íbúa, atvinnulífs og stofnana og staðið í 6 - 7 klukkutíma. Undirbúningur og framkvæmd hefur verið til sóma og að sögn Expectus sem hefur séð um framkvæmdina hefur fólk gengið ánægt af fundum.

Í þingsályktunartillögunni kemur fram að sóknaráætlun verði lögð fram á haustþingi 2010

og að áherslur og forgangsröðun sóknaráætlunar muni síðar birtast í einstökum lögbundnum opinberum áætlunum, breytingum á þeim, framkvæmd þeirra og fjárveitingum til þeirra.

Að mati Skipulagsstofnunar vantar skýrari línur um gerð og innihald sóknaráætlana, málsmeðferð og framkvæmd þeirrar stefnu sem þar kemur fram. Í frumvarpi til skipulagslaga kemur fram að sveitarstjórnir skuli í sinni skipulagsgerð taka mið af landsskipulagsstefnu í sínum áætlunum. Á sama hátt þarf að koma fram hvar og hvernig sú stefna sóknaráætlunar, sem unnin er í samráði við fólkið í landinu, muni birtast.



Stefán Thors

Alþingi
Erindi nr. þ 138/1106
komudagur 1.3.2010

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

**Umsögn Sýslumannsins í Vestmannaeyjum um tillögu til þingsályktunar um
sóknaráætlun til eflingar atvinnulífi og samfélagi um land allt.
332. mál.**

Undirritaður hefur mótttekið bréf allsherjarnefndar Alþingis dags. 1. mars 2010 þar sem óskað er eftir umsögn hans á tillögu til þingsályktunar um sóknaráætlun til eflingar atvinnulífi og samfélagi um land allt.

Undirritaður sendir yður svohljóðandi:

a t h u g a s e m d i r

Í tillögunni um þingsályktunina er gert ráð fyrir að landinu verði skipt í átta svæði. Undirrituðum finnst varhugavert að stjórnvöld hluti landið niður í áherslusvæði og leggi þannig hornsteina að því hvernig þjónustu hins opinbera verði háttáð á hverju svæði fyrir sig og þannig haft hamlandi áhrif á þróun byggðar. Þannig getur skapast óeðlilegur aðstöðumunur á því hvernig ríkisvaldið og sveitarfélög leggja íbúum til þjónustu eftir því hvar þeir búa. Undirritaður telur fremur að miða skuli við þarfir hvers og eins byggðarlags í lengd og bráð, en allir vita að slíkt er mjög breytilegt og alls ekki á færi stjórnvalda að segja til um það fyrirfram hvernig byggðarlög eigi að þróast.

Ofanritaðar athugasemdir mínar eru auðvitað markaðar því að í tillögunni er ekki minnst einu orði á Vestmannaeyjar svona líkt og þessi öflugasti útgerðarstaður landsins sé ekki til á landakortinu en þó er þéttbýli í Vestmannaeyjum ekki í vegasambandi við meginlandið og því mikilvægara fyrir íbúa þar að áherslur stjórnvalda gangi ekki gegn hagsmunum þeirra.

Ég legg því til að svæðaskiptingunni verði breytt þannig að Vestmannaeyjar verði sérstakt svæði í sóknaráætluninni, níunda svæðið.

Rökin eru auðsæ; a. Vestmannaeyjar eru einangrað eyjasamfélag sem þarf að vera sjálfu sér nægt á mörgum sviðum. b. Vestmannaeyjar eru næststærsti byggðakjarni á Íslandi fyrir utan stór-höfuðborgarsvæðið, einungis Akureyri er fjölmennara. c. Vestmannaeyjar eru einn öflugasti útgerðarbær landsins, en útgerð er stærsti útflutningsatvinnuvegur þjóðarinnar. d. Vestmannaeyjar hafa bæði höfn og flugvöll, sem fullnýtt geta boðið upp á miklu meiri umsvif en í dag.

Vestmannaeyjum, 1. mars 2010
Virðingarfyllst,

Karl Gauti Hjaltason
Sýslumaður í Vestmannaeyjum



TOLLSTJÓRI

Alþingi
Erindi nr. P 138/1248
komudagur 15. 3. 2010

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Reykjavík 12. mars 2010.


Málefni: *Umsögn um tillögu til þingsályktunar um sóknaráætlun til eflingar atvinnulífi og samfélagi um land allt, ~~333~~. mál lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009 – 2010. 332.*

Tollstjóri hefur móttengið erindi Allsherjarnefndar Alþingis, sent með tölvupósti 1. mars sl., þar sem óskað er umsagnar um tillögu til þingsályktunar um sóknaráætlun til eflingar atvinnulífi og samfélagi um land allt.

Í tillöguninni að þingsályktuninni kemur fram að með sóknaráætluninni skuli ríkisstjórnin samþætta opinberar áætlanir sem miða að því að efla atvinnu, menntun og endurskipulagningu opinberrar þjónustu þannig að stuðlað verði að betri nýtingu fjármuna og öflugu samstarfi stjórnarsýslustiga og stofnana, þvert á ráðuneyti.

Tollstjóri gerir ekki athugasemdir við ofangreinda tillögu til þingsályktunar en efni hennar hefur ekki sjáanleg bein áhrif á starfsemi embættisins. Tollstjóri vill hins vegar taka fram að það er mat embættisins að jákvætt sé að ráðast í endurskipulagningu opinberrar þjónustu í þeim tilgangi að stuðla að betri nýtingu fjármuna.

Virðingarfyllst,
f.h. Tollstjóra


Sigurður Skúli Bergsson
aðstoðartollstjóri

Alþingi
Erindi nr. *Þ* 138/129/
komudagur 18.3.2010

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 17. mars 2010
Tilvísun: UST20100300002/þek

Tillaga til þingsályktunar um sóknaráætlun til eflingar atvinnulífi og samfélagi um land allt, þskj. 476 - 332. mál.

Þann 1. mars 2010 sendi alsherjarnefnd Alþingis Umhverfisstofnun til umsagnar tillögu til þingsályktunar um sóknaráætlun til eflingar atvinnulífi og samfélagi um land allt.

Tillagan felur í sér að mótuð verði stefna m.a. um hvernig styrkja megi umhverfismál. Fram kemur að grundvöllur atvinnustefnunnar skuli m.a. vera græn atvinnuuppbygging.

Umhverfisstofnun lítur svo á að störf við framkvæmd umhverfismála og eftirlit með starfsemi sem haft getur í för með sér jarðrask, mengun og önnur umhverfisáhrif, eins og lög kveða á um, á hverjum tíma séu græn störf. Umhverfisstofnun starfar á Akureyri, Egilsstöðum, Ísafirði, Mývatni, Reykjavík, Snæfellsnesi og Vestmannaeyjum. Áhugi er fyrir hendi hjá stofnuninni á að styrkja fámennar einingar út um landið og/eða auka samvinnu við önnur stjórnvöld um allt land í stjórnsýslu- fræðslu- og rekstrarverkefnum í þágu hagræðingar og gæða í þjónustu. Umhverfisstofnun er einnig í samvinnu við heilbrigðisnefndir um allt land og sinnir yfirumsjónar- og samræmingarhlutverki vegna verkefna er varða hollustuhætti og mengunarvarnir.

Samkvæmt 2. mgr. 73. gr. laga um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993 skulu kröfur um umhverfisvernd vera þáttur í stefnu samningsaðila á öðrum sviðum. Umhverfisstofnun telur að þær áætlanir sem fyrirhugað er að samþætta í sóknaráætluninni geti haft áhrif á náttúruverndaráætlun og aðrar áætlanir í umhverfismálum, svo sem landsáætlun um meðhöndlun úrgangs.

Virðingarfyllt

Sigrún Agústsdóttir
Sigrún Agústsdóttir

Alþingi
Erindi nr. P 138/1110
komudagur 3.3.2010



Alþingi - allsherjarnefnd
Kristjana Benediktsdóttir, skjalavörður
Austurvelli
150 Reykjavík

Reykjavík, 2. mars 2010
Tilvísun: 2010030003/90.12
HrH/BH
Tilv. ykkar: tölvupóstur 1.3.2010.

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um sóknaráætlun til eflingar atvinnulífi og samfélagi um land allt.

Með tölvupósti 1.mars 2010 er óskað eftir umsögn Vegagerðarinnar um ofangreinda þingsályktun.

Vegagerðin gerir ekki athugasemdir við tillöguna.

Virðingarfyllst,

Hreinn Haraldsson,
vegamálastjóri.

Alþingi
Erindi nr. P 138/1276
komudagur 17.3.2010



Nefndasvið Alþingis
Allsherjarnefnd
b/t Elínar V. Þorsteinsdóttur
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 16. mars 2010.

Efni: Tillaga til þingsályktunar um sóknaráætlun til eflingar atvinnulífi og samfélagi um land allt. (332. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreinda þingsályktunartillögu sem felur í sér ályktun að fela ríkisstjórn að undirbúa sóknaráætlun til að efla atvinnulíf og samfélag um land allt.

Viðskiptaráð styður heilshugar áherslur til eflingu atvinnulífs og samfélags um land allt. Aldrei hefur verið meiri þörf en nú á að stuðla að uppbyggingu atvinnulífs og efla enn frekar menntunar- og velferðarkerfi í landinu. Enduruppbygging á samfélaginu eftir þau áföll sem hafa riðið yfir þjóðina á síðustu misserum er aðeins möguleg með sameiginlegu átaki stjórnvalda og þjóðarinnar í heild þar sem áherslu er lögð á fjölbreytt atvinnulíf, menntun og endurheimtu fyrri lífsgæða.

Það er mat Viðskiptaráðs að sérstaklega þurfi þó að gæta að tengingu sóknaráætlunar sem þessarar við framkvæmanlega stjórnsýslu. Við áætlunargerð af þessu tagi er nokkur hættu á að hún feli í sér góð fyrirtheit sem þó er erfitt að koma til framkvæmdar, oft vegna skorts á hagnýtri tengingu við verkefni stjórnsýslunnar. Nú blasa við stjórnvöldum mikil verkefni í enduruppbyggingu atvinnulífs og samfélags um allt land og verður því að gæta sérstaklega að úrræði og áætlanir sem ætlað er að styðja við slíka uppbyggingu skili sér með þeim hætti sem þeim er ætlað.

Sóknaráætlun 20/20 hefur þegar verið hrint af stað og er ofangreind tillaga til þingsályktunar enn eitt skrefið í því ferli þar sem samþætting hennar við lögbundnar opinberar áætlanir er nauðsynleg svo náí fullu gildi. Stjórnvöld þurfa því að vanda til verka í samþættingu sóknaráætlunar og annara verkefna innan stjórnsýslunnar, sérstaklega efnahagsáætlun ríkisstjórnar og Alþjóða gjaldeyrissjóðsins. Mikilvægustu aðgerðir til eflingar atvinnulífs eru þær sem draga úr óvissu í rekstrarumhverfi, styðja við framvindu efnahagsáætlunarinnar, stuðla að hraðri lækkun stýrivaxta, styrkingu gjaldmiðils, áframhaldandi og aukinni verðmætasköpun og hagvexti..

Virðingarfyllst,

Þórdís Bjarnadóttir
Lögfræðingur
Viðskiptaráð Íslands